



# Jöklafréttir Íslands

## Fréttabréf

Nr. 49

Febrúar 1995

### AÐALFUNDUR

Aðalfundur Jöklafréttir Íslands verður haldinn í  
Tæknigarði, Dunhaga 5 28. febrúar 1995 kl. 20:30.

#### Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Kaffi.
3. Myndasýning

*Ragnar Th. Sigurðsson*

### AÐALFUNDUR

Aðalfundur félagsins verður þriðjudaginn 28. febrúar 1995. Samkvæmt lögum félagsins verður dagskrá aðalfundar sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Kjör heiðursfélaga, ef tillögur liggja fyrir.
3. Flutt skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins.
4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins til samþykktar.
5. Lagabreytingar, ef einhverjar eru.
6. Kosning stjórnar samkvæmt 4. grein laga.
7. Kjör valnefndar.
8. Kosning endurskoðenda.
9. Önnur mál.

Eftir kaffihlé sýnir Ragnar Th. Sigurðsson ljósmyndari myndir að eigin vali. Ragnar er löngu landskunnur sem einn af okkar alfremstu ljósmyndurum og hefur lagt sig sérstaklega eftir að mynda framhlaupsjökla upp á síðkastið. Þessi sýning er því talsvert tilhlökkunarefni.

### FRAMHLAUP TUNGNAÁRJÖKULS

Tungnaárjökull hleypur nú fram af miklum krafti og er sporður hans nú kominn um 860 m frá því hann tók á rás s. l. haust. Síðastliðið sumar varð vart við miklar breytingar á sporðinum. Kollar ýttust upp ofan við fell og mælingar á skriðhraða inni á jöklinum sýndu sífellt aukinn hraða. Úr flugvélum sást að talsverður hluti ákomusvæðis jökulsins (sem er ofan við 1100 m) var sprunginn í september og í október hófst framskið á einum stað, um 1 km norðan Nýjafellslínu. Síðan hafa starfsmenn Landsvirkjunar og Raunvísindastofnunar mælt framskiðið á þremur stikúlunum í Tungnaárbotnum með 2-3 vikna millibili.

Framskið á Nýjafellslínunni hófst um mánaðarmótin okt. nóv. og um miðjan nóvember voru tvö fell við sporðinn, sitt hvoru megin við Nýjafellslínu, komin á kaf og miklir sprungkollar yfir þeim. Skriðhraðinn var að jafnaði um 10 m á dag undir lok síðasta árs, en var orðinn um 6 m/dag í janúar og hefur verið um 5 m/dag í byrjun febrúar. Nokkuð var misjafnt hvenær hinir ýmsu hlutar sporðsins fóru af stað og um 1 km langur kafli við vaðið á Tungnaá við jökul var ekki farinn að skrifa fram um miðjan desember og



syðsti hlutinn enn kyrr þótt hann verði stöðugt brattari og sprungukollar séu teknir skjótast upp í tungunni. Ofan við Langasjó er jökullinn enn kyrr en sunnan við hann hefur Skaftárjökull hins vegar ruðst fram. Varla er þess langt að bíða að allur jökullinn hlaupi fram á þessu svæði, allt að Síðujökli, sem hljóp á síðasta ári.

Athyglisvert er að Tungnaárjökull sígur mun hægar fram en Síðujökull, sem náði hámarkshraða við sporð um 100 m/dag. Vatn hefur seytilað frá jöklinum allt frá því framskrið hófst, mjög gruggugt. Sylgjujökull er hins vegar kyrr, en efst á honum eru töluverðar sprungur.

Hannes H. Haraldsson, Helgi Björnsson, Finnur Pálsson,  
Magnús Tumi Guðmundsson og Theodór Theodórsson

#### SPORÐAMÆLINGAR HAUSTIÐ 1994

Jöklamælingamenn hafa skilað umsögnum um jökulsporða á 37 stöðum. Af þeim hoga 26 en 5 ganga fram. Á einum stað stendur jaðarinn í stað og á einum öðrum varð ekki mælt vegna snjóskafis. Á fjórum stöðum var breyting ekki ljós vegna þess að miðun við fyrri mælingar var ekki á hreinu.

Mælingar hafa verið teknar upp á tveim jöklum, annars vegar Bægisárjökli sem var mældur hér á árum áður og hins vegar jökli á Flateyjarðalsheiði. Parsveitis hefur ekki verið mældur jökull áður svo kunnugt sé.

Réttur aldarfjórðungur er liðinn síðan Sólheimajökull hogaði síðast á öllum mælistöðvunum þrem. Vel má vera að þetta sé svar jökulsins við hlýindunum 1990 og þá einkum sumarið 1991, en sé svo þá má búast við að hann skríði enn fram eftir eitt til tvö ár því 1992 og 1993 voru jöklinum gjöfuf.

Um það leyti sem Tungnaárjökull var mældur í haust með 17 m hop eftir sumarið, hafði hann hleypt mjög brúnum og var yggldur. Þá var ljóst að hann myndi ekki hoga næsta árið eins og hann hefur gert á hverju ári síðan 1946 (sjá nánar hér að framan).

Oddur Sigurðsson

#### FRÁ SKÁLANEFND

Í síðustu vorferð var sett upp þriðja hús félagsins á Grímsfjalli. Það er geymsla sem einnig hýsir náðhús. Er þar með bætt úr brýnni þörf bæði til þæginda og þrifa á staðnum. Í húsið var einnig sett gufubað og sturta og er orka staðarins þannig nýtt af hugkvæmni bæði til upphitunar, hreinlætis og yndisauka.

Viðhald flestra skála er í viðunandi horfi. Þó er þörf á að skipta um glugga í gamla skálanum í Jökulheimum og setja upp steinolútanka sem til eru.

Skálagjöld síðast liðið ár stóðu vel undir útlögðum viðhaldskostnaði það tímabil, en ekki hafa verið greidd vinnulaun eða ferðakostnaður þeirra sem verkin unnu. Gert er ráð fyrir að viðhald á þessu ári kosti um 350 þúsund kr.

Skipt hefur verið um lykla að skálum félagsins á Grímsfjalli og í Jökulheimum. Nú er hægt að fá lykla að skálunum hjá Ástvaldi Guðmundssyni Rakarastofunni Dalbraut 1 í Reykjavík (vinnus./heimas. 568 63 12/557 76 16), 4X4 klúbbnum á Akureyri (s. 96-2 72 33/96-2 70 53), Flugbjörgunar-sveitinni Hellu (s. 98-7 59 40/98-7 65 11) og Völundi Jóhannessyni á Egilsstöðum (s. 97-1 12 00/97-1 13 15).

#### Skálanefnd

#### FRÁ BÍLANEFND

Bílanefnd sinni félagsmálum meðfram aðalstarfinu og hélt bæði árshátíð félagsins með glæsibrag og bjórkvöld með myndasýningu.

Félagið keypti snjóbílinn Jaka af Landsvirkjun í mars s.l. og hefur það verið aðalverkefni nefndarinnar að búa hann undir ferðir og halda honum síðan gangandi, en það er ekkert áhlaupsverk með snjóbil sem er kominn af léttasta skeiði.

Jaki fór í íssjarmælingaferð á Skeiðarárjökul, vorferð félagsins í júní og nú í janúar s.l. var hann í leigu hjá Jarðborunum h.f. á Hellisheiði við mannflutninga. Þar bilaði hann og er verið að leita varahluta svo megi koma honum í gang aftur.

Síðsumars tók nefndin að sér að fylgja Magnúsi Tuma Guðmundssyni í mælingaferð á Örfafjökul.

#### Bílanefnd